

SKILMÁLAR BIFREIÐASTÆÐA

1. Þú ert að aka inn á bifreiðastæði Isavia Innanlandsflugvalla ehf. (hér eftir Isavia) við Akureyrarflugvöll og samþykkir þar með eftirfarandi skilmála.
2. Gjaldskylda er á bifreiðastæðum Isavia nema sérstaklega sé annað tekið fram. Gjald fer eftir gildandi gjaldskrá hverju sinni.
3. Á bifreiðastæðum Isavia eru sjálfvirkar myndavélar sem lesa bílnúmer við komu og brottför.
4. Greiðsla fer fram við brottför, í gegnum smáforrit eða vef.
5. Sé gjald ekki greitt innan 48 klst. eftir útkeyrslu er krafa send í heimabanka að viðbættu þjónustugjaldi. Ógreiddar kröfur munu verða sendar í innheimtu.
6. Eigandi og umráðamaður ökutækis bera ábyrgð á að fylgja fyrirmælum, merkingum og reglum sem í gildi eru á bifreiðastæðum Isavia. Sé ökutæki notað í atvinnuskyni er vinnuveitandi jafnframt ábyrgur samkvæmt skilmálum þessum.
7. Verði aðili uppvís að misnotkun á aðstöðu varðar það 50.000 kr. vangreiðslugjaldi ásamt því að greiðsla verður innheimt samkvæmt gildandi gjaldskrá fyrir raunnotkun. Eigandi og skráður umráðamaður ökutækis eru ábyrgir fyrir greiðslu gjalds samkvæmt þessari grein.
8. Verði aðili uppvís að ítrekaðri misnotkun áskilur Isavia sér rétt til að meina viðkomandi aðgang að bifreiðastæðum Isavia.
9. Ökutæki á bifreiðastæði Isavia eru alfarið á ábyrgð eiganda/umráðamanns viðkomandi ökutækis. Isavia ber t.a.m. ekki ábyrgð á tjóni sem kann að verða á ökutækjum, fylgihlutum þeirra eða öðrum hlutum í eða á þeim m.a. vegna óhappa, skemmdarverka eða þjófnaðar sem kann að eiga sér stað á meðan á geymslu stendur.
10. Heimilt er að leggja bifreið í merkt bifreiðastæði eða í samræmi við gefnar leiðbeiningar, merkingar og/eða almennar umferðarreglur. Stöðubrot getur varðað sektum, vangreiðslugjaldi og/eða að ökutæki verði fjarlægð á kostnað umráðanda.
11. Allur þjófnaður er kærður til lögreglu.
12. Eftirlitsmyndavélar eru á bifreiðastæðum Isavia.